


✉ Re: Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi Garðs 2013-2030_Skipulagslýsing

Búið til	7.11.2022 15:46:07
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	7.11.2022 15:46:04
Tilheyrir	 202210-0017 - Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi Garðs 2013-2030_Skipulagslýsing

Efni

Re: Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi Garðs 2013-2030_Skipulagslýsing

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	7.11.2022 15:46:04	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsen@ni.is)
Til	sigurdur@sudurnesjabaer.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,
Tilvísun í mál nr. 201110-0017 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfissviði Suðurnesjabæjar, dags. 12. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030.

Breytingin á aðalskipulaginu tengist fyrirhugaðri uppbyggingu í landi Gauksstaða, þar sem stefnt er að því að reisa 15 lítil gistihús fyrir ferðapjónustu, ásamt móttöku- og afþreyingarhúsi. Aðalskipulagsbreytingin varðar því breytingu á landnotkun, en opið svæði mun verða að afþreyingar- og ferðamannasvæði. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis sem og á gildandi náttúruminjaskrá (Svæði nr. 108 – Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi) einkum vegna lífríkra fjörusvæða og fuglalífs.

Áætluð uppbygging ætti ekki að raska fjörum en sjóvarnagarður skilur fjörurnar frá tilvonandi byggingarreitum. Gróðurfar ofan sjóvarnagarðsins er einkum tún og graslendi og ekki með mikið verndargildi. Ein lítil tjörn er á reitnum sem ætti að forðast að raska. Mikilvægt er að hugað sé vel að fráveitumálum frá nýrri uppbyggingu þ.a. engin hætta sé á að mengun berist í fjöruna.

Framkvæmdin og aukin umferð fólks um svæðið tengt ferðapjónustu gæti valdið aukinni truflun á fuglalífi, einkum fuglum sem sækja í tún, graslendi og tjörnina, en einnig mögulega á fuglalíf í fjörunni. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að taka tillit til fuglalífs og annars lífríkis á svæðinu, sem er auðugt og gefur svæðinu mikið gildi þrátt fyrir að vera í mikilli nálægð við þéttbýli. Fuglalíf hefur lengi verið mikið aðdráttarafli í Garðinum, og full ástæða til að standa vörð um þá sérstöðu. Mikilvægt er að upplýsingum um fuglalíf svæðisins sé safnað og haldið til haga við vinnu skipulagsbreytingarinnar sem og væntanlegs deiliskipulags.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki frekari athugasemdir við lýsinguna en áskilur sér rétt á athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður Hilmar Ólafsson" <sigurdur@sudurnesjabaer.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "hes@hes.is" <hes@hes.is>; "bs@bs.is" <bs@bs.is>; "bergblind@sss.is" <bergblind@sss.is>; "Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is" <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>; "sveinn.valdimarsson@isavia.is." <sveinn.valdimarsson@isavia.is>
CC:
Subject: Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi Garðs 2013-2030_Skipulagslýsing
Date: 12.10.2022 10:48:53

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar hefur samþykkt til kynningar lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030. Breytingin felst í breytingu á skilgreiningu svæðis frá skilgreindri notkun opins svæðis í núgildandi aðalskipulagi í skilgreinda notkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis, þar sem stefnt er að uppbyggingu gistirýma til útleigu fyrir ferðapjónustu.

Lýsingin er hér með send umsagnaraðilum og verður kynnt almenningi með auglýsingu í Víkurfréttum, ásamt því að vera aðgengilegt í anddyri bæjarskrifstofu og á heimasíðu Suðurnesjabæjar, [www.sudurnesjabaer.is \(http://www.sudurnesjabaer.is\)](http://www.sudurnesjabaer.is).

Óskað er eftir ábendingum/athugasemdum um lýsinguna ef ástæða þykir á netfangið [sigurdur@sudurnesjabaer.is \(mailto:sigurdur@sudurnesjabaer.is\)](mailto:sigurdur@sudurnesjabaer.is), eða á bæjarskrifstofuna í Garði, b.t. skipulagsfulltrúa, Sunnubraut 4, 250 Garður, eigi síðar en fimmtudaginn 10. nóvember 2022.

Kær kveðja,

Sigurður Hilmar Ólafsson
Byggingafræðingur BFI
Verkefnastjóri
Skipulags- og umhverfissvið

—
Sunnubraut 4, 250 Garður

—
425 3000

425 3044

898 2297

—
www.sudurnesjabaer.is (<http://www.sudurnesjabaer.is/>)